

2. fundur stjórnar AP, starfsárið 2019-2020

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík þriðjudaginn 24. september 2019 kl. 15:00.

Mætt: Aðalsteinn Árni Baldursson, Elías Pétursson, Helena Eydís Ingólfssdóttir í forföllum Jóna Bjargar Arnarsdóttur, Jóna Björg Hlöðversdóttir og Pétur Snæbjörnsson. Guðmundur Halldórsson boðaði forföll og varamaður hans átti ekki kost á að mæta. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður stjórnar, Elías Pétursson, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Staða vinnu vegna fyrirhugaðrar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna í landshlutanum

Til fundarins er boðað til að fara yfir stöðuna í vinnunni vegna fyrirhugaðrar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna í nýju félagi.

Formaður gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið, þ.m.t. vinnu ráðgjafa sem fengnir voru til verksins og funda sem haldnir hafa verið með baklandi og starfsmönnum atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings.

Rætt var um þær tillögur sem til umfjöllunar eru varðandi útfærslu nýs félags og þá sérstaklega þau efnisatriði sem stjórn félagsins hefur áður lagt áherslu á. Fram kom gagnrýni á það að ýmis atriði varðandi skipulag nýs félags séu enn mjög laus í reipunum og að nauðsynlegt sé að vinna drög að samþykktum fyrir hið nýja félag þannig að unnt sé að taka afstöðu til málsins á grundvelli efnislegs inntaks. Jafnframt liggur fyrir að ekki er eining um það innan stjórnar að rétt sé að halda ferlinu áfram og var í því sambandi m.a. rætt um að í gangi væri vinna á vegum ríkisins um framtíðarhlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og á sama tíma væri boðað stóráttak í sameiningu sveitarfélaga.

Að umræðu lokinni er stjórn sammála um eftirfarandi áhersluatriði varðandi starfsemi og skipulag hins nýja félags:

- Að virk aðkoma atvinnulífsins á svæðinu (bæði samtaka atvinnurekenda og samtaka launþega) að daglegu starfi hins nýja félags verði tryggð með því að starfandi verði formlegur samráðsvettvangur eða fagråd sem fari með atvinnuþróun og nýsköpun innan hins nýja félags. Skýr fagleg og fjárhagsleg umgjörð þurfi að vera um starfið og æskilegt að úthlutun styrkfjár í málaflokknum verði á slíkum vettvangi.
- Fulltrúum atvinnulífsins verði tryggð aðkoma að aðalfundi/ársfundum hins nýja félags a.m.k. með málfrelsi og tillögurétti.
- Farið verði að ákvæðum samþykktar aukaaðalfundar Eyþings sl. haust varðandi staðsetningu á starfsemi hins nýja félags.
- Félagið tileinki sér opna stjórnarsýslu og komi upp virkri samráðsgátt fyrir almenning á netinu.

2. Önnur mál

Framkvæmdastjóra falið að upplýsa starfsmenn um stöðu mála og einnig að taka saman yfirlit um samninga og eignir atvinnuþróunarfélagsins fyrir næsta stjórnarfund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:35